

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

19. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglunni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 500 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Vatnsveitu Neskaupstaðar nr. 342 frá 12. desember 1972 með síðari breytingu.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 10 19. janúar 1967 fyrir Vatnsveitu Þórshafnar.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í Þórshafnarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.1% af fasteignamati húsanna og tilheyrandi lóða, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 fyrir einbýlishús. Hámarks-vatnsskattur kr. 3 000.00 skal miðaður við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækkar því samkvæmt henni ár hvert.

Fyrir hverja íbúð í fjölbýlishúsi kr. 3 000.00 með sama ákvæði um hækkun samkvæmt byggingarvísitölu og í 1. málsgrein. Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar, svo sem verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrrtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 0.2% af fasteignamati húsanna og tilheyrandi lóða, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 3. gr.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 9. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 0.75, af hverju máli (síld)

sem lagt er upp til bræðslu kr. 2.30, af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 10.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 2.00, af hverri kind, sem slátrað er, kr. 0.30.

Allar krónuupphæðir í gr. 9 og gr. 10 skulu miðaðar við byggingarvísitölu með grunn 1. október 1978 og hækka því samkvæmt henni ár hvert.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast oddviti reikningshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er hinn sami og fasteignaskatts ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976
fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.

19. gr. orðist svo:

„Heimædagjöld Vatnsveitu Sauðárkróks skulu vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál).

400— 2000 m³ 122.898 f. 400 m³ og 92 kr./m³ þar yfir.

2000— 6000 m³ 270 375 f. 2000 m³ og 84 kr./m³ þar yfir.

6000—10000 m³ 604 657 f. 6000 m³ og 75 kr./m³ þar yfir.

yfir 10000 m³ 904 527 f. 10000 m³ og 66 kr./m³ þar yfir.

Gjöld samkvæmt 19. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. júlí 1979 (309 stig) og breytist þegar breytingar verða á nefndri vísitölu. Heimædagjöld skal greiða um leið og bygging er tengd vatnsveitunni.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.